



Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

STARFSLEYFI

Samherji Ísland ehf.

Kt. 440400-4340

Austurhlíðarvegi 2

650 Laugum, Reykjadal

- Heitloftspurrkun fiskafurða-

Leyfið er veitt í samræmi við lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit m.s.br. Leyfishafi skal auk þess hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda á hverjum tíma og meðfylgjandi starfsleyfisskilyrðum.

Framsal þessa starfsleyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess

Ef breytingar verða á starfseminni skal tilkynna það Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Útgefanda er heimilt og eftir atvikum skylt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna

Starfsleyfis- og eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt gildandi gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra hverju sinni þar til tilkynnt hefur verið um stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

Gildir til: 12. janúar 2038

f.h. Heilbrigðisnefndar

**HEILBRIGÐISEFTIRLIT
NORÐURLANDS EYSTRÁ**


Leifur Þorkelsson
heilbrigðisfulltrúi

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra

Starfsleyfishafi:	Samherji Ísland ehf.
Kennitala:	440400-4340
Starfsemi:	Heitloftspurrkun á fiskhausum og beinum
Starfsstöð:	Austurhlíðarvegur 2, Laugum í Reykjadal
Gildistími starfsleyfis:	frá 12. janúar 2026 til 12. janúar 2038

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og á grunni reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- Starfsleyfi þetta gildir fyrir heitloftspurrkun fiskafurða hjá starfsleyfishafa á ofangreindri starfsstöð.
- Starfsleyfið er gefið út samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og á grunni reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- Starfsleyfi og starfsleyfisskilyrði skulu ávallt vera aðgengileg á starfsstöð. Skylt er að framvísa starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.
- Starfsleyfishafa ber að tryggja að starfsemin sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settra samkvæmt þeim, sem og í samræmi við starfsleyfisskilyrði og önnur lög og reglugerðir sem um starfsemina kunna að gilda á hverjum tíma.
- Fylgi starfsleyfishafi ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum um úrbætur, getur Heilbrigðisnefnd beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.
- Starfsleyfishafi skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skulu þau endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.
- Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. grein laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Skal fyrsta endurskoðun fara fram innan tveggja ára frá gildistöku starfsleyfis. Útgefanda er heimilt, og eftir atvikum skylt, að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna. Meðal annars í eftirfarandi tilfellum:
 - Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.
 - Ef mengun vegna starfseminnar reynist meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út
 - Ef breyting verður á skipulagi samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010
 - Ef vöktun leiðir í ljós að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir nærliggjandi vatnshlot á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála nást ekki eða fara hrakandi vegna starfseminnar

2. Hráefni

- 2.1 Heimilt er að taka á móti allt að 8.000 tonnum af hráefni árlega
- 2.2 Allt hráefni sem unnið er í starfsstöðinni skal vera ferskt og tekið til vinnslu svo fljótt og kostur er eftir móttöku.
- 2.3 Starfsleyfishafi skal starfrækja innra eftirlit þar sem meðal annars koma fram kröfur um ferskleika hráefnis skv. skynmati. Ferskleiki hvernar hráefnislotu skal metinn með skynmati fyrir vinnslu, sé hráefni metið óhæft til vinnslu skal það flutt burtu svo fljótt sem verða má.
- 2.4 Hráefni til vinnslunnar skal flutt kælt í heilum ílátum, í lokuðum og lekaheldum flutningstækjum eða eftir lokuðum flutningskerfum beint frá fiskvinnslu.
- 2.5 Allt hráefni skal vera geymt í kældri geymslu innan dyra áður en það er tekið til vinnslu.

3. Lóð og umhverfi

- 3.1 Starfsleyfishafi skal halda lóð og athafnasvæði fyrirtækisins hreinu og snyrtilegu. Gæta skal að því að á athafnasvæðinu safnist ekki fyrir hlutir eða búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfseminni óviðkomandi.
- 3.2 Starfsleyfishafi ber ábyrgð á því að lóðamörk séu virt og að notkun húsnæðis og lóðar sé í samræmi við gildandi skipulag.
- 3.3 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnun og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun.

4. Mengunarvarnir

- 4.1 Starfsleyfishafa ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist.
- 4.2 Verði óhapp eða annað atvik sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu og heilsu manna. Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausa aðgerða skal hafa samband við Neyðarlínuna (112).
- 4.3 Starfsleyfishafa ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og að tekið sé mið af bestu aðgengilegu tækni (BAT) vegna matvæla-, drykkjarvöru og mjólkuriðnarins¹. Orku skal nýta vel
- 4.4 Ristar eða körfur sem fanga grófan úrgang skulu vera í niðurföllum í vinnslusal og í hráefnisgeymslum sem og á plani þar sem ætla má að lífrænn úrgangur falli til. Þeim úrgangi skal safnað og hann nýttur eða fargað með réttum hætti.
- 4.5 Fráveituvatn frá starfseminni skal hreinsað í búnaði sem fjarlægir fitu, prótein og önnur mengandi efni áður en því er veitt til viðataka með viðkomu í rotþró.
- 4.6 Eftirfarandi losunarmörk gilda fyrir frárennslisvatn vinnslunnar eftir hreinsun í hreinsibúnaði áður en því veitt í rotþró.

Efnispáttur	Losunarmörk
Fita/ olía	50 mg/l
Svifagnir	100 mg/l
COD (efnafræðileg súrefnisþörf)	300 mg/l
Sýrustig (pH)	6,5 - 10

¹ BAT – niðurstöður eru aðgengilegar á íslensku á vef Umhverfis- og orkustofnunnar

- 4.7 Frárennsli frá salernum, kaffistofu og starfsmannaaðstöðu skal leiða í fráveitukerfi viðkomandi sveitarfélags. Þar sem það er ekki framkvæmanlegt skal hreinsa frárennsli í hreinsibúnaði í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólphreinsun, áður því er veitt í viðtaka.
- 4.8 Hurðir, gluggar og önnur op á vinnslusölum verksmiðjunnar skulu ávallt vera lokað, nema þegar það er nauðsynlegt vegna flutnings hráefnis, afurða eða vegna viðhalds.
- 4.9 Starfsleyfishafa ber að koma í veg fyrir lyktarmengun frá starfseminni með því að vinna ferskt hráefni og tryggja að úrgangur og hráefni sem er óhæft til vinnslu safnist ekki upp á athafnasvæði fyrirtækisins.
- 4.10 Útblástursloft frá þurrkklefum og vinnslusölum skal hreinsað með lofthreinsibúnaði. Notast skal við óson eða sambærilegt efni til lyktheydingar í þurrkklefum. Allt loft úr eftirþurrkun skal leitt í þvottaturn til lyktheydingar áður en því er sleppt út í umhverfið.
- 4.11 Starfsleyfishafi skal draga úr hávaða frá verksmiðjunni eins og kostur er og tryggja að hávaði frá starfseminni sé í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða.
- 4.12 Um kælikerfi og kælimiðla skal m.a. fara eftir reglugerð nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins og reglugerð nr. 1066/2019 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, eftir því sem við á.

5. Vöktun viðtaka og vöktunaráætlun

- 5.1 Rekstraraðili skal skila vöktunaráætlun ([í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar](#)) til eftirlitsaðila við útgáfu starfsleyfis þar sem tiltekin er vöktun á helstu umhverfisþáttum í nágrenni starfsstöðvar og útrásar, í samræmi við umfang losunar. Vöktunaráætlunin skal í það minnsta ná til þeirra gæðapátta sem skilgreindir eru í vatnaáætlun fyrir viðkomandi vatnshlot (Reykjadalsá 102-1723-R), m.a. næringarefna, líffræðilegra- og eðlisefnafræðilegra þátta.
- 5.2 Vöktun og mælingar skulu unnar samkvæmt viðurkenndum stöðlum og aðferðum sem Umhverfis- og Orkustofnun hefur gefið út og aðgengilegar á [vefsetri](#) stofnunarinnar.
- 5.3 Vöktun á viðtaka og gæði umhverfis skal unnin sameiginlega með öðrum rekstraraðilum ef fleiri losa frárennsli til sama viðtaka.
- 5.4 Eftirlitsaðili getur kallað eftir breytingum á vöktunaráætlun ef ástæða þykir til.
- 5.5 Niðurstöðum vöktunar skal skila í [skilagátt stjórnar vatnamála](#).

6. Sýnatökur og mælingar

- 6.1 Aðstaða skal vera til sýnatöku af fráveituvatni eftir meðhöndlun í hreinsibúnaði, áður en því er veitt í rotþró. Að lágmarki þrisvar á ári skal láta mæla þá efnisþætti sem koma fram í lið 4.6. Á sama tíma skal láta taka sýni við innrennsli í Torfdalstjörn og sömu efnisþættir rannskaðir og skal vatnið uppfylla þær kröfur sem fram koma í viðauka I við reglugerð 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun.
- 6.2 Hávaði frá starfseminni skal mældur árlega. Starfsleyfishafi skal láta gera úttekt á hávaða frá verksmiðjunni innan þriggja mánaða frá gildistöku starfsleyfisins. Úttektin skal ná til hávaða á öllum tímum sólarhrings og vera framkvæmd af fagaðila sem notar viðurkennda mæliaðferð. Úttektin skal gerð þegar vinnslan er á fullum afköstum. Niðurstöðum úttektar skal skila til útgefanda starfsleyfis. Ef niðurstöður sýna að hávaði fer yfir leyfileg mörk skal gera viðeigandi úrbætur án tafar.
- 6.3 Útgefandi starfsleyfis getur krafist tíðari mælinga ef ástæða þykir til.

7. Meðferð úrgangs

- 7.1. Draga skal úr myndun úrgangs eins og unnt er. Stefnt skal að endurnotkun og endurnýtingu hans svo sem kostur er. Beita skal bestu aðgengilegri tækni við meðhöndlun úrgangs.
- 7.2. Allur úrgangur skal færður til viðeigandi meðhöndlunar, annaðhvort beint til endurnýtingar eða á grenndar-, móttöku- eða söfnunarstöð, og þaðan til endurnýtingar eða förgunar.

- 7.3. Meðhöndlun úrgangs skal vera með þeim hætti að óþrífnaður og óþægindi stafi ekki af. Við flutning og geymslu úrgangs skal gæta þess að ekki hljótist af mengun eða annar skaði fyrir umhverfið.
- 7.4. Spilliefni, úrgangsolíu og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um.

Um úrgang gilda m.a:

- Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs
- Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni
- Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi

8. Eigið eftirlit og skráningar


Starfsleyfishafi skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Eftirfarandi ber að skrá reglulega:

- 8.1 Niðurstöður eftirlitsmælinga og vöktunar og skila árlega niðurstöðum eftirlitsmælinga til eftirlitsaðila og niðurstöðum vöktunar í vatnshloti til Umhverfis- og Orkustofnunar.
- 8.2 Eftirlit, úttektir, prófanir, bilanir og viðhald (þar með talið hreinsun) á mengunarvarnabúnaði.
- 8.3 Kvartanir sem berast vegna starfseminnar og viðbrögð við þeim.
- 8.4 Öll mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
- 8.5 Þjónustu og viðhald kælikerfa, magn og gerð kælimiðils sem bætt er á kerfin.
- 8.6 Magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðva.
- 8.7 Annað sem ber að skrá skv. ákvæðum reglugerða er varða starfsemina

12. janúar 2026

fh. Heilbrigðisnefndar

**HEILBRIGÐISEFTIRLIT
NORÐURLANDS EYSTRA**



Leifur Þorkelsson
heilbrigðisfulltrúi

ALMENN STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR MENGANDI STARFSEMI

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á umtalsverðar breytingar á rekstrinum, taki nýr rekstraraðili við eða ef starfsemin flytur.	550/2018	
1.2	Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.	Lög nr. 46/1980	
1.3	Í starfsleyfi eru skráðar sérstakar kröfur til mengunarvarna sem rekstur þarf að uppfylla.	550/2018	
1.4	Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu aðgengilegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt.	550/2018	
1.5	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækisins að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.	550/2018	
1.6	Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.	Lög nr. 7/1998	
1.7	Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.	Lög nr. 55/2012	

2. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt sorpílát.	737/2003 16. og 18. gr., sbr. rgl. 550/2018	
2.2	Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð.	737/2003 16. og 18. gr., sbr. rgl. 550/2018	
2.3	Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.	112/2012	
2.4	Afla ber leyfis fyrir staðsetningu olútanka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	884/2017	
2.5	Bifreiðum, tækjum, lausamunum, úrgangi og annað sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila og þannig að ekki valdi slysaættu. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppdráttum sem slíka geymslu.	112/2012 og rgl. nr. 737/2003	

3. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr hljóðmengun og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfseminni, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.	724/2008	
3.2	Loftræstingu skal þannig háttáð að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri er heilbrigðisnefnd heimilt að krefjast úrbóta s. s. breytinga á útrásum, eða hreinsunarbúnaðar.	724/2008, rgl. nr. 550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.	
3.3	Upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennslilagna skulu vera tiltækar í fyrirtækinu. Engar breytingar verði gerðar á frárennsli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni. Fráveitukerfi skal vera tvöfalt sé þess talin þörf. Mengunarvarnabúnaði skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.	798/1999	

3.4	Við meðferð alls úrgangs verði þess gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs eins og við á.	737/2003	
3.5	Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.	415/2014 og lög nr. 61/2013	
3.6	Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndluð af varúð og aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum og úrgangi. Spilliefnum sé skilað í viðurkennda söfnunar- eða móttökustöð. Mikilvægt er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.	806/1999	
3.7	Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósonlagsins.	970/2013	
3.8	Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndur sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.	888/2015 og lög nr. 61/2013	
3.9	Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á olíu og olíuefnum, varúðar- og hættumerktum efnum og spilliefnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað, yfirfara þarf hana reglubundið með starfsmönnum og halda æfingar til að æfa viðbrögð a.m.k. einu sinni á ári.	884/2017	

4. SPILLIEFNI OG ÚRGANGUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er kostur. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.	737/2003	
4.2	Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.	806/1999	
4.3	Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.	798/1999 5. gr.	

4.4	Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð, traust ílát, sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.	806/1999	
4.5	Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings spilliefna.	806/1999	
4.6	Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Sams konar upplýsingar skulu fylgja spilliefnunum. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit í fyrirtækinu.	806/1999 11. gr.	
4.7	Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, með síðari breytingum.	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016	

5. EFTIRLIT

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir annast eftirlit með atvinnurekstri. Um gjalddöku fyrir eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.	550/2018 og lög nr. 7/1998	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerða nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósónlagsins, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.

Greinargerð með útgáfu starfsleyfis vegna fiskþurrkunar Samherja að Austurhlíðarvegi 2 á Laugum í Reykjadal

Almennt

Fiskþurrkun hefur verið starfsrækt á Laugum í Reykjadal frá árinu 1980. Við endurnýjun starfsleyfis árið 2023 kom í ljós að verksmiðjan uppfyllti ekki nútímakröfur um hreinsun frárennslisvatns og meðferð útblásturslofts. Starfsleyfið var því gefið út til eins árs með kröfu um úrbætur. Heilbrigðisnefnd samþykkti á fundi sínum þann 9. apríl 2025 að framlengja gildistímann til 15. nóvember sama ár og tók fram að forsenda þess að nýtt leyfi yrði gefið út væri að kröfur um mengunarvarnir væru uppfylltar.

Umsókn um starfsleyfi

Umsókn um endurnýjað starfsleyfi vegna fiskþurrkunar að Austurhlíðarvegi 2 að Laugum í Reykjadal barst þann 3.nóvember 2025. Tillaga að starfsleyfi var auglýst á heimasíðu HNE þann 26.nóvember og 4 vikna frestur til athugasemda rann því út þann 24.desember 2025.

Athugasemdir við starfsleyfistillögu

Fjórir aðilar sendu inn athugasemdir við starfsleyfistillöguna og voru helstu athugasemdir eftirfarandi:

Mælanleg viðmið um lykt: Gerðar voru athugasemdir við að í starfsleyfisskilyrðum kæmu ekki fram mælanleg viðmið varðandi lykt frá starfsemi.

HNE bendir á að engin mælanleg viðmið séu til varðandi lykt frá atvinnustarfsemi í íslenskum lögum og reglugerðum, og engar raunhæfar aðferðir séu fyrir hendi til sýnatöku og rannsóknar á sýnum í tengslum við lyktarmengun. Ef breyting verður á gildandi löggjöf varðandi lykt og lyktarmælingar ber að endurskoða starfsleyfið í samræmi við lið 1.7.1.

Hávaðamælingar: Athugasemdir voru gerðar við að leyfið væri gefið út áður en hávaði hefði verið mældur, auk þess sem umsagnaraðilum þótti rúmur tími gefinn til úttektar.

Að mati HNE er ekki marktækt að gera úttekt á hávaða nema verksmiðjan sé á fullum afköstum og þar með starfsleyfi í gildi. Ljóst er að bið getur orðið á því að veðurfarslegar aðstæður bjóði upp á raunhæfar mælingar. Bent er á að mælingar frá því í október 2025 bentu ekki til þess að hávaði væri yfir viðmiðunarmörkum.

Gildistími leyfis: Gerðar voru athugasemdir við 12 ára gildistíma leyfisins

Gildistími starfsleyfa Heilbrigðisnefndar er alla jafna 12 ár. Þar sem starfsstöðin uppfyllir nú kröfur um mengunarvarnir, eru ekki forsendur til að gefa út starfsleyfi til skemmri tíma en 12 ára, að teknu tilliti til jafnræðisreglu. Í útgefnu leyfi er sett inn ákvæði um endurskoðun þess innan tveggja ára frá gildistöku.

Krafa um synjun vegna sögu og staðsetningar: Tveir aðilar töldu að ekki ætti að gefa út leyfi vegna vanefnda á eldra leyfi og staðsetningar starfseminnar.

HNE bendir á að forsenda fyrir endurnýjun leyfisins er þær úrbætur á mengunarvarnarbúnaði sem gerðar hafa verið til að mæta kröfum þar um. Það er mat HNE að synjun á útgáfu starfsleyfis væri ekki í samræmi við meðalhófsreglu, enda fer starfsemin fram á skilgreindu iðnaðarsvæði og er í samræmi við gildandi skipulag.

Aðrar athugasemdir og viðbrögð HNE við þeim koma fram í viðauka.

Vinna á kynningartíma starfsleyfis

Á kynningartíma starfsleyfisins var fundað með sérfræðingum Umhverfis- og orkustofnunar varðandi áhrifamat á vatnshlot samkvæmt lögum um stjórn vatnamála, vöktunaráætlun og viðmiðunarmörk fyrir frárennslisvatn

Þingeyjarsveit stóð fyrir upplýsingafundi fyrir íbúa þann 25. nóvember 2025. Fulltrúi frá HNE mætti á fundinn og gerði grein fyrir efni starfsleyfistillögunnar og svaraði fyrirspurnum varðandi hana

Áhrifamat á vatnshlot og vöktunaráætlun

VSÓ Ráðgjöf vann áhrifamat fyrir straumvatnshlotið 102-1723-R Reykjadalssá í nóvember 2025. Niðurstöður þess eru að starfsemin sé ekki líkleg til að valda því að umhverfismarkmiðum vatnshlota, skv. lögum um stjórn vatnamála, verði ekki náð. Samherji hefur í samstarfi við Þingeyjarsveit lagt fram vöktunaráætlun sem tekur til vöktunar vatnshlotsins (Reykjadalsár) og viðtakans (Torfdalstjarnar)

Breytingar á auglýstri tillögu

Auk minni háttar orðalagsbreytinga og leiðréttinga málfari og stafsetningu voru eftirfarandi breytingar gerðar:

Á auglýsingatímanum tók gildi reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun. Í útgefnu leyfi er vísað til hennar en í starfsleyfistillögu var vísað til reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Kröfur um losunarmörk fráveituvatns voru hertar, tíðni sýnatöku aukin og sett var inn ákvæði um sýnatökur við innrennsli í Torfdalstjörn samhliða sýnatökum úr hreinsivirki frá verksmiðjunni.

Í kafla um endurskoðun starfsleyfis var sett inn ákvæði um að leyfið skuli endurskoðað innan tveggja ára frá gildistöku.

Bætt var við ákvæðum um viðbrögð við mengunaráhöppum, krafa gerð um umhverfismarkið af hálfu starfsleyfishafa, vakin athygli á ákvæðum laga nr. 7/1988 um hollustuhætti og mengunarvarnir og vísað til BAT niðurstaðna vegna matvæla-, drykkjarvöru og mjólkuriðnarins.

Samræmi við skipulag

Verksmiðjan stendur á svæði austan Þjóðveggar á Laugum sem gildandi aðalskipulagi er skilgreint sem iðnaðarsvæði. Áður er starfsleyfið var gefið út óskað eftir staðfestingu Þingeyjarsveitar og eftirfarandi svar barst „Laugafiskur er starfræktur á Austurhlíðavegi 2 á iðnaðar- og athafnalóð sem skilgreind er sem iðnaðarlóð í aðalskipulagi. Húsið er skilgreint í fasteignaskrá með notkunareininguna fiskverkun.

Það staðfestist hér með að núverandi starfsemi samræmist gildandi aðalskipulagi Þingeyjarsveitar hvað varðar landnotkun og byggðaþróun og notkun hússins er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.“

Úttekt á aðstöðu

Við skoðun á starfsstöðinni þann 7. janúar 2026 var staðfest að auk annarra breytinga var búið var að setja upp DAF (Dissolved Air Flotation) hreinsivirki fyrir fráveituvatn og ósonkerfi til lyktýðingar.


Ákvörðun um útgáfu Starfsleyfis

Tillaga að starfsleyfi var kynnt á 244. fundi Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra sem fram fór þann 26. nóvember 2025 og samþykkt að starfsleyfið yrði gefið út að umsagnarfresti liðnum nema athugasemdir sem kynnu að berast gæfu tilefni til annars.

Það er mat undirritaðs að framkomnar athugasemdir gefi ekki tilefni til að falla frá útgáfu leyfisins. Starfsleyfið var því gefið út þann 12. janúar 2026 í samræmi við ofangreint og með vísan í 1. mgr. 6. gr. samstarfssamnings um skipan heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra og rekstur heilbrigðiseftirlits sem samþykktur var á ársþingi SSNE þann 14. apríl 2023.

13. janúar 2026

f.h. Heilbrigðisnefndar

**HEILBRIGÐISEFTIRLIT
NORÐURLANDS EYSTRÁ**

Leifur Þorkelsson
heilbrigðisfulltrúi

Viðauki.

Athugasemdir (sem ekki er gerð grein fyrir í greinargerðinni) sem bárust við starfsleyfistillögu og viðbrögð við þeim

Liður /kafli í starfsleyfistillögu	Efni liðs/kafla	Efni athugasemdar	Viðbrögð HNE
1.5	endurskoðun	Drögin heimila endurskoðun ef forsendur breytast (1.5.1–1.5.4), en skortir skýrar mælanlegar skýringar sem tryggja að endurskoðun verði raunhæf og fyrirsjáanleg.	Sett var inn ákvæði um heildarendurskoðun starfsleyfis innan tveggja ára frá gildistöku
5.5	Birting mæligagna (skilagátt)	Drögin kveða á um skil vöktunargagna í skilagátt vatnamála (5.5) en tryggja ekki að gögn séu aðgengileg almenningi eða íbúum.	Umhverfis- og Orkustofnun hefur umsjón með skilagáttinni. Þessari athugasemd verður komið þangað.
4.7	Ákvæðið um að hurðir/gluggar skuli vera lokaðir nema „þegar nauðsynlegt“	Ákvæðið er matskennt og erfitt að sannreyna. Hver skal hafa eftirlit með því og hvernig?	Útgefandi starfsleyfis hefur eftirlit með ákvæðum þess. HNE tekur undir að það getur verið vandkvæðum bundið að leggja mat á hvenær „nauðsynlegt“ er að hafa opnar dyr og hvenær ekki, en telur samt mikilvægt að halda þessu ákvæði í starfsleyfisskilyrðum
7	kafli Meðferð úrgangs	Kafli 7 um úrgang er almennur og setur ekki skýra skyldu um reglubundna skýrslugjöf til eftirlitsaðila og almennings.	Kaflinn er almennur og í samræmi við sambærilega kafla í starfsleyfum fyrir mengandi starfsemi. Í kafla 8 er gerð krafa um skráningar á magni og gerð spilliefna sem skilað er til móttökustöðva
vantar	Örplast – vantar skilyrði um vöktun og áhættumat	Drögin fjalla ekki um örplast þrátt fyrir að starfsemin nýti búnað/efni sem geta leitt til örplastmyndunnar og að viðtaki sé viðkvæmt vatnshlot.	Ekki eru til reglugerðarviðmið fyrir örplast í fráveituvatni. Verði breyting á lögum og reglum sem lúta að örplasti verður starfsleyfið endurskoðað í samræmi við grein 1.7.1. í útgefnu leyfi

5.1	Vöktunaráætlun	Í 5.1 segir að rekstraraðili skuli skila vöktunaráætlun við útgáfu leyfis. Ef hún liggur ekki fyrir á umsagnartíma er almenningi ómögulegt að meta hvort vöktun verði fullnægjandi.	<i>Ekki er gert ráð fyrir því að almenningur geri athugasemdir við vöktunaráætlanir einstakra fyrirtækja skv. lögum um stjórn vatnamála.</i>
5.3	sameiginleg vöktun	Ákvæði 5.3 gerir ráð fyrir sameiginlegri vöktun ef fleiri losa í sama viðtaka. Það kallar á að samlegðaráhrif séu metin og að ábyrgð/verkaskipting sé skýr.	<i>HNE er sammála þessu. Vöktunaráætlun er unnin í samvinnu sveitarfélagsins og starfsleyfishafa. Þessir aðilar verða koma sér saman um kostnaðarskiptingu</i>
8.4	Mengunaróhöpp – vantar tímasetta tilkynningarskyldu og opinbera skrá	Í 8.4 er kveðið á um skráningu mengunaróhappa en ekkert um tímasetta tilkynningu til íbúa/sveitarfélags eða opinbera upplýsingagjöf.	<i>Athugasemd tekin til greina. Bætt var við grein í kafla (4.2) um viðbrögð við mengunaróhöppum og tilkynningar til neyðarlínu.</i>
4.4	Rotþró sem millistig – burðargeta og hönnun óljós	Það er gert ráð fyrir að frárennsli fari um rotþró. Drögin sýna ekki hvort rotþró og kerfi séu hönnuð fyrir raunverulegt magn/álag (t.d. mikla vatnsnotkun og óvænt álag).	<i>Rotþróin tekur við hreinsuðu frárennsli frá hreinsivirki. Jöfnunartankur stjórnar rennsli inn á hreinsivirkið og þar með í rotþróna. Að mati HNE er ekki ástæða til að breyta orðalagi leyfis</i>
6.1	Sýnataka á fráveituvatni	Sýnataka af fráveituvatni er aðeins lágmark „tvisvar á ári“ skv. 6.1. Það er allt of sjaldan.	<i>Útgefnu leyfi er krafa um sýnatöku 3 ári. Gert er ráð fyrir að sýnataka fari fram oftari en þetta á meðan verið er að stilla kerfið og tryggja virkni þess. Í útgefnu leyfi er einnig gerð krafa um sýnatökur við innrennsli í Torfdalstjörn</i>

4.2	BAT (best available techniques) – vantar staðfestingu og samanburð	Í 4.2 er vísað til BAT, en drögin tilgreina ekki hvaða BAT-viðmið/heimildir liggja til grundvallar eða hvort rekstrarlausnir uppfylli þau.	<i>Ekki eru til BAT-viðmið fyrir heitloftspurrkun, en miðað er við BAT-niðurstöður vegna matvæla-, drykkjarvöru- og mjólkuriðnaðarins (FDM BREF). Vísað er í skjalið í útgefnu starfsleyfi.</i>
4.9	Innri vöktun á lykt/ósoni – vantar kröfu um mæla og viðvörunarkerfi	Drögin gera ráð fyrir ósoni í lyktareyðingu (4.9) en setja ekki kröfu um innri mælingar, stýringar og viðvörunarkerfi (t.d. til að tryggja stöðuga virkni og öryggi).	<i>Þetta er hluti af mengunarvarnarbúnaði. Gerð er krafa um eftirlit með honum í kafla 8.</i>
5.1	Vatnshlot – Reykjadalssá er tilgreind	Drögin tilgreina vatnshlotið Reykjadalssá (5.1) en það þarf að liggja fyrir hvaða umhverfismarkmið gilda og hvernig rekstur getur haft áhrif.	<i>Umhverfismarkmið fyrir vatnshlot koma fram í vatnaáætlun: https://vatn.is</i>
vantar	Yfirflæði/rafmagnsleysi – vantar skilyrði um varnir	Drögin fjalla ekki skýrt um varnir gegn því að ómeðhöndlað frárennsli sleppi út við óhöpp, rafmagnsleysi, yfirálag eða óvænta toppa.	<i>Til staðar er jöfnunartankur sem stýrir flæði frárennslis inn á hreinsivirki.</i>
2	Móttaka hráefnis – lyktaráhætta utan þurrkklefa	Drögin leggja áherslu á þurrkklefa og lofthreinsun, en ekki er með skýrum hætti fjallað um lyktaráhættu við móttöku, losun, geymslu og innri flutninga hráefnis.	<i>Kröfur um hráefni, móttöku þess og geymslu koma fram í kafla 2.</i>
1,5	Endurskoðun	Ef mengun vegna starfseminnar reynist meiri en íbúar telja ásættanlegt. HNE ætti að taka lyktarmælingar íbúa alvarlega og til jafns við aðrar mælingar á lykt. Ef lykt reynist enn ólíðandi fyrir íbúa á Laugum ber að hætta starfseminni.	<i>Kvartanir vegna lyktarmengunar eru teknar alvarlega. Hins vegar er erfitt að staðfesta kvartanir með mælingum og engin viðmið eru til um lykt í íslenskum lögum og reglugerðum. Verði breyting á lögum og reglugerðum sem varða lykt og lyktarmælingar verður starfsleyfið endurskoðað í samræmi við grein 1.7.1. í útgefnu leyfi</i>

4.5	Losunarmörk	Losunarmörk svifagna ætti að vera 50 mg/l	<i>Losunarmörk vegna svifagna eftir hreinsivirki fyrir rotpró voru lækkuð í útgefnu leyfi. Auk þess var sett krafa um sýnatökur og viðmið við innrennsli í Torfdalstjörn</i>
4.7	Ákvæðið um að hurðir/gluggar skuli vera lokaðir nema „þegar nauðsynlegt“	4.7. Verksmiðjan ætti að vera loftþétt og ekkert loft að komast þar út nema það sé leitt í gegnum þennan nýja lofthreinsibúnað sem er verið að setja upp. Á meðan húsnæðið er óþétt leka þessi rokgjörnu efni, sem valda ólyktinni, út.	<i>Krafa um lokaðar dyr og glugga er sett til þess að draga úr lyktarmengun frá starfseminni.</i>
4.9	Útblástursloft frá þurrkklefum og vinnslusölum	Allt loft sem notað er til þurrkunar, hvort sem er for- eða eftirþurrkun skal leitt í gegnum þennan nýja lofthreinsibúnað og verksmiðjuhúsnæðið skal vera loftþétt þannig ekkert annað loft sleppi út.	<i>Gerð er krafa um að allt loft frá þurrkklefum og vinnslusölum sé hreinsað. Krafa um lokaðar dyr og glugga er sett til þess að draga úr lyktarmengun frá starfseminni.</i>
5.1	Vöktunaráætlun	Ætti að ná til Torfdalstjarnarinnar líka en ekki bara Reykjadalsár	<i>Vöktunaráætlun gerir ráð fyrir sýnatökum bæði úr Torfdalstjörn og Reykjadalsá.</i>
almenn athugasemd	Eftirfarandi ætti að setja inn í starfsleyfið, verði það veitt:	1. Fylgi starfsleyfishafi ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfssviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. til að knýja á um úrbætur	<i>athugasemd tekin til greina. Þessari setningu var bætt inn í kafla 1 - grein 1.5. í útgefnu leyfi Kemur einnig fram í almennum starfsleyfisskilyrðum sem starfsleyfishafa ber að fylgja</i>

almenn athugasemd	Eftirfarandi ætti að setja inn í starfsleyfið, verði það veitt:	2. Starfsleyfi skal endurskoða að jafnaði á árs fresti. Jafnframt er útgefanda starfsleyfis heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, t.a.m. ef í ljós kemur að mengun af völdum starfseminnar er meiri eða önnur en búast mátti við þegar leyfið var gefið út, ef breyting verður á rekstri fyrirtækisins, ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni (BAT) sem leiða til betri mengunarvarna eða ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi. Með mengun er átt við það þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og/eða skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis.	Endurskoðunarákvæði er í grein 1.5 í tillögu 1.7 í útgefnu leyfi
almenn athugasemd	Eftirfarandi ætti að setja inn í starfsleyfið, verði það veitt:	3. Starfsleyfið ásamt starfsleyfisskilyrðum fellur úr gildi ef starfsemin skiptir um eigendur eða húsnæði. Rekstraraðili skal sækja um starfsleyfi að nýju ef halda á rekstrinum áfram undir nýrri kennitölu eða á nýjum stað. Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti ef starfsemin er lögð niður.	Leyfið er bundið við Austurhliðarveg 2 saman ber grein 1.1 í starfsleyfisskjali er tekið fram að framsal sé óheimilt
almenn athugasemd	Eftirfarandi ætti að setja inn í starfsleyfið, verði það veitt:	4. Starfsleyfishafa er skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun þegar rekstur er stöðvaður tímabundið og koma athafnasvæði fyrirtækisins í viðunandi horf, að mati heilbrigðiseftirlits, þegar rekstur er endanlega stöðvaður og starfsemin lögð niður.	Kemur fram í grein 3.3 í útgefnu starfsleyfi

almenn athugasemd	Eftirfarandi ætti að setja inn í starfsleyfið, verði það veitt:	5. Starfsleyfishafi ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum starfseminnar, sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, og skal fyrirbyggja tjón eða bæta úr tjóni sem þegar hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.	<i>Þessi setning kemur fram í almennum starfsleyfisskilyrðum sem fylgja leyfinu</i>
almenn athugasemd	Eftirfarandi ætti að setja inn í starfsleyfið, verði það veitt:	6. Almenningur á rétt á upplýsingum um starfsleyfisumsókn og starfsleyfi í samræmi við ákvæði IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlitsaðili birtir þær upplýsingar sem og niðurstöður eftirlits opinberlega á vefsíðu sinni eða með öðrum aðgengilegum hætti.	<i>Upplýsingar um starfsleyfisumsókn voru birtar á heimasíðu HNE sem og tillaga að starfsleyfi í samræmi við reglugerð 550/2018</i>
almenn athugasemd	Eftirfarandi ætti að setja inn í starfsleyfið, verði það veitt:	7. Starfsleyfishafi skal setja sér reglur um viðbrögð við mengunaróhöppum. Ísogsbúnað eða ísogsefni skal hafa til taks og nota við hreinsun vegna minniháttar leka eða óhappa. Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu, skal tafarlaust grípa til viðeigandi aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja frekari mengun og/eða slys og takmarka mögulegan skaða með hreinsun. Tilkynna skal eftirlitsaðila um slík atvik svo fljótt sem auðið er. Ef um er að ræða stærra mengunarslys sem starfsmenn ráða ekki við eða hættu á bráðamengun skal gera slökkviliði og öðrum viðbragðsaðilum viðvart í neyðarsíma 112.	<i>Athugasemd tekin til greina. Bætt var við grein í kafla (4.2) um viðbrögð við mengunaróhöppum og tilkynningar til neyðarlínu. Krafa um ísogsbúnað er fyrst fremst sett fram þar sem unnið er með olíur (smurstöðvum og sambærilegri starfsemi) ekki er talin þörf á að gera slíka kröfu í fiskvinnslu</i>

almenn athugasemd	Eftirfarandi ætti að setja inn í starfsleyfið, verði það veitt:	8. Koma skal í veg fyrir eða draga eins og kostur er úr lyktarmengun frá starfseminni með því að vinna ferskt hráefni og, eftir atvikum, með búnaði sem eyðir lykt úr útblæstri og tryggir með þrýstingsstýringu að allt loft frá vinnslusvæðum fari í lofthreinsikerfi.	<i>Þetta kemur fram í greinum 4.8 og 4.9 í starfsleyfistillögu - Greinar 4.9 og 4.10 í útgefnu leyfi</i>
almenn athugasemd	Eftirfarandi ætti að setja inn í starfsleyfið, verði það veitt:	EFTIRLIT, SKRÁNINGAR OG TILKYNNINGASKYLDUR	<i>Gerð er krafa eigið eftirlit og skráningar í 8. kafla Greinum 8.1 til 8.7</i>
1.5	endurskoðun	þarf að formgera betur endurskoðunarákvæði	<i>HNE fellst é þetta. sett verður inn ákvæði um heildarendurskoðun starfsleyfis innan tveggja ára frá gildistöku</i>
8	Eigið eftirlit	þarf einnig að formgera betur eftirlit með starfsleyfishafa að hann uppfylli alla liði greinarinnar. Ef starfsleyfishafi sinnir ekki öllum þeim rekstrarþáttum þarf að vera skýrt hvernig brugðist verður við því eða að útgefandi starfsleyfis sinnir því með reglubundnum hætti, nokkrum sinnum á ári eða eitthvað slík.	<i>Bætt var við grein í 1. kafla (1.5) þar sem vísað er til þvingunarúrræða laga nr.7/1998 þetta kemur einnig fram í almennum starfsleyfisskilyrðum sem fylgja leyfinu</i>
1.5.2.	Ef mengun vegna starfseminnar reynist meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út	Þetta með að búast megir við, gildir það bara um töflu í lið 4.5? eru engar aðrar væntingar en mælanlegar niðurstöður á þeim liðum?	<i>Auk töflunnar í lið 4.5 (4.6 í útgefnu leyfi) er vísað til reglugerðar um hávaða og reglugerðar um fráveitur og skólphreinsun í tillögunni. Í reglugerðunum koma fram þau viðmiðunarmörk sem eiga við</i>